



Starfsáætlun 2024-2025

Björk - sértækt námsúrræði

Reykjanesbæjar



Starfsáætlun 2024-2025

Björk – sértækt námsúrræði

Reykjanesbæjar

Reykjanesbær, 15. október 2024

Inngangur

Björk er hluti af Njarðvíkurskóla og starfar eftir starfsáætlun skólans. Björk starfar eftir þeim verkferlum sem eru í gildi í Njarðvíkurskóla hverju sinni. Einkunnarorð Njarðvíkurskóla eru menntun og mannrækt. Björk er sérhæft námsúrræði sem hóf starfsemi sína við Njarðvíkurskóla í upphafi árs árið 2000. Í upphafi var Björk ætluð fyrir nemendur með alvarlegar atferlis- og hegðunartruflanir og/eða geðræn vandamál. Undanfarin ár hefur orðið þróun á skilgreiningu á Björk og er hún ennþá í vinnslu. Í dag er hún fyrir nemendur með fjölþættan vanda sem eiga erfitt með að fóta sig í hefðbundnu skólaumhverfi og sá stuðningur sem veittur hefur verið í heimaskóla dugar ekki til. Í Björk er nemendamiðað nám þar sem unnið er með styrkleika og veikleika hvers og eins. Markmiðið er að nemendur geti að lokum farið aftur í sinn heimaskóla, hvort sem það væri með stuðningi eða án.

Efnisyfirlit

Inntökuskilyrði.....	5
Hlutverk.....	5
Samráðsfundir	5
Teymisfundir (foreldrasamstarf)	5
Stefna	6
Lengd dvalar.....	6
Ráðgjöf starfsfólks deildarinnar	7
Nemendur.....	7
Einstaklingsnámsskrá	7
Námsmat er með margvíslegum hætti:	7
Kennsla.....	7
ART	8
Heildstæður stuðningur við jákvæða hegðun í grunnskóla - PBS.....	8
Líkamlegt inngrip	9
Umgjörð og starf sértæks námsúrræðis.....	9
Mat á skólastarfi.....	9
Skólatími.....	9
Skólaakstur.....	9
Samstarfsaðilar.....	9
Starfsfólk	9
Starfsmannalisti.....	10

Inntökuskilyrði

Umsóknir um skólavist í deildinni skulu berast Menntasviði Reykjanesbæjar á þar til gerðum eyðublöðum. Umsóknir eru afgreiddar á deildarfundum og sér starfsmaður Menntasviðs um að boða til fundar. Inntökuteymi skipa eftirtaldir: Skólastjóri Njarðvíkurskóla, deildarstjóri í Björk, yfirsálfræðingur menntasviðs og deildarstjóri skólaþjónustu. Fyrsti fundur er ávallt upplýsingafundur en næsta fund mæta einnig fulltrúi frá heimaskóla og forráðamenn.

Eftirfarandi ber að athuga við umsókn í deildina:

- Að fyrir liggi öll gögn um nemanda, s.s. námsleg staða, niðurstöður greininga (s.s. þroskamat, atferlisathugun/líðan, lestrargreining, lyfjanotkun).
- Upplýsingar um aðgerðir í heimaskóla.

Fundur hefst á því að umsóknaraðili gerir grein fyrir skjólstæðingi sínum og rökstyður umsóknina. Farið er ef yfir umsóknina og öll gögn sem henni fylgja, s.s. skólasögu, umsagnir kennara, aðgerðir í heimaskóla, skýrslur sérfræðinga (s.s. sálfræðinga, lækna, iðjuþjálfra, sérkennara, o.fl.). Að loknum fundi fer inntökuteymi yfir upplýsingar og tekur afstöðu til umsóknarinnar. Að því loknu sendir inntökuteymi skriflegt svar til forráðamanna og heimaskóla innan einnar viku frá fundi. Þegar um neyðarvistun er að ræða kann sá tími að vera styttri en vika. Ef upp kemur ágreiningur um umsókn skal leitað álits til sviðsstjóra Menntasviðs.

Hlutverk

Námsúrræðið Björk er sértækt námsúrræði sem vikur frá hinu almenna. Hlutverkið er að veita nemendum þjálfun og stuðning við nám við hæfi. Sérúrræðið er að öllu jöfnu hugsað fyrir börn með eðlilega námshæfni, en fjölþættan vanda sem eiga erfitt með að fóta sig í hefðbundnu skólaumhverfi og sá stuðningur sem veittur hefur verið í heimaskóla dugar ekki til. Allir nemendur í Björk eru með einstaklingsnámsskrá, sem er metin er mjög reglulega. Við gerð og samþykkt einstaklingsnámsskrár koma bæði forráðamenn og fagfólk í Björk.

Samráðsfundir

Samráðsfundir skólastjóra, deildarstjóra og Menntasviðs Reykjanesbæjar, þ.e. yfirsálfræðings og deildarstjóra skólaþjónustu. Þessir fundir eru haldnir reglubundið yfir skólaárið þar sem farið er yfir stöðu nemenda í Björk, jafnframt farið yfir inntökubeiðnir og útskriftir.

Teymisfundir (foreldrasamstarf)

Teymisfundir eru samráðsfundir forráðamanna og þeirra þjónustuaðila sem koma að barninu. Forráðamenn, starfsmenn skóla eða aðrar þjónustustofnanir geta óskað eftir teymisfundi. Samskipti

við forráðamenn fara fram í tölvupósti eða símtölum. Í sumum tilvikum eru forráðamenn í daglegum samskiptum við starfsmenn deildarinnar.

Stefna

- kennsla og uppeldi nemenda með fjölþættan vanda sem eiga erfitt með að fóta sig í hefðbundnu skólaumhverfi og sá stuðningur sem veittur hefur verið í heimaskóla dugar ekki til
- að vera skólum Reykjanesbæjar til ráðgjafar og leiðbeiningar um kennslu slíkra nemenda.
- að vera neyðarathvarf fyrir nemendur sem þurfa tímabundna aðstoð.
- að veita nemendum námsumhverfi í samræmi við þeirra þarfir
- að gera einstaklingsmiðaða námskrá og allir nemendur deildarinnar fái kennslu, þjálfun og verkefni sem best hæfir hverjum og einum
- að nemendur auki sjálfstraust sitt, sjálfstæði og samskiptahæfni til daglegra athafna
- að nemendur efli hæfileika sína og færni til að takast á við viðfangsefni daglegs lífs
- að nemendur þjálfí vinnufærni sína
- að efla félagsfærni nemenda

Lengd dvalar

Dvöl er í það minnsta átta viku eða lengur. Að þeim tíma liðnum skal athuga stöðu mála og hvort tilefni er til útskriftar eða framlengingar á dvöl. Samkvæmt markmiðum deildarinnar getur einnig verið um að ræða langtímavistun fyrir nemendur, ef útséð er, t.d. vegna alvarlegra geðrænna erfiðleika, að nemandi muni ekki koma til með að geta stundað hefðbundið nám í sínum heimaskóla.

Útskrift

Á útskriftarfund mæta sömu aðilar og á fyrsta fund. Á útskriftarfundi skal liggja fyrir skriflegt mat á nemanda, námslega/félagslega stöðu og tillögur til úrbóta. Eftirfarandi skal athuga:

Hefur markmiðum dvalar verið náð?

- Hvaða breyting hefur orðið á nemanda, námslega, tilfinningalega og hegðunarlega?
- Úrbætur. Tillögur að eftirfylgd í heimaskóla, aðlögun.

Framlenging dvalar

Ef inntökuteymi ákveður að framlengja dvöl nemanda skal athuga eftirfarandi:

- Endurskoðun markmiða og áherslubreytingar.
- Endurskoðun á einstaklingsnámskrá.
- Athuga þörf á frekari greiningum/tilvísanir til sérfræðinga.

Endurupptaka mála

Ef endurkoma í heimaskóla skilar ekki tilætluðum árangri skal inntökuteymi vera til ráðgjafar fyrir heimaskóla. Inntökuteymi leggur mat á og tekur ákvörðun um endurkomu nemanda í Björk.

Ráðgjöf starfsfólks deildarinnar

Deildarstjóri og fagfólk sem starfar í Björk veita ráðgjöf og stuðning til kennara og annars starfsfólks skólans sem hafa umsjón með nemendum þegar þeir fara aftur í heimaskóla.

Nemendur

Hámarksfjöldi nemenda í Björk fer eftir vægi hvers nemenda. Nemendur í Björk eru skráðir í Njarðvíkurskóla og heyra sem slíkir undir deildarstjóra í Björk. Markmið er að hver og einn nemandi fái það námsumhverfi innan deildarinnar sem ekki var hægt að mæta innan bekkjar. Samtalsdagar fylgja þeim fundum sem eru á skóladagatali Njarðvíkurskóla en forráðamenn geta alltaf óskað eftir fundi utan þess ramma. Þá getur starfsfólk í Björk óskað eftir fundi með forráðamönnum. Það er markmið starfsfólks að eiga góð samskipti við nemendur og forráðamenn. Reynt er af fremsta megni að mæta óskum og þörfum þeirra. Öryggi og líðan nemenda er ávallt í fyrirrúmi.

Einstaklingsnámsskrá

Deildarstjóri vinnur einstaklingsnámsskrá fyrir hvern og einn nemanda. Áhersla er lögð á að nýta áhugamál nemenda og sterku hliðar þeirra. Þar koma einnig fram staða í námi, markmið og leiðir til að ná áætluðu markmiði. Reynt er að koma til móts við náms-, líkamlegar-, félags- og tilfinningalegar þarfir hvers og eins. Í langflestum tilvikum þarf að endurvinnna námsefni sem er til svo það gangist nemendum og oftast en ekki þarf að búa til alveg nýtt. Oft má finna gagnlegt námsefni á veraldarvefnum. Einstaklingsnámsskrá er venjulega gerð þegar upplýsingar um námslega stöðu hafa fengist, og hún er endurskoðuð ef þurfa þykir. Áhersla er lögð á að markmið einstaklingsnámsskrár séu mælanleg eins og kostur er og minni áhersla á huglægt mat. Sett eru námsleg og félagsleg markmið.

Námsmat er með margvíslegum hætti:

- Nemendur taka aðlöguð próf og eru með sértækt námsmat
- Námsmatið er byggt á verkefnavinnu og virkni í kennslustundum og lokaprófi
- Fagmenn deildarinnar leggja fyrir einstaklingsmiðuð próf í samræmi við námsefnið
- Fagfólk gefur umsögn um frammistöðu

Kennsla

Viðfangsefni skulu ætíð valin með lög, reglugerðir og almenna námsskrá grunnskóla að leiðarljósi og námið miðað við þarfir og getu hvers og eins þ.e. einstaklingsnámsskrá. Líta má á þennan þátt

deildarnámskrárinnar sem einskonar aðalnámskrá, sem stuðst er við í gerð einstaklingsnámskrár. Tíma fjöldi og áherslur eru síðan sniðnar að aldri og getu hvers einstaklings. Þær námsgreinar sem í boði eru, eru í takt við námslega stöðu og í náinni samvinnu við heimaskóla, megináhersla skal þó lögð eftirtaldar greinar: íslensku, ensku og stærðfræði.

Yfirlit yfir kennslugreinar: Íslenska, stærðfræði, samfélags og náttúrufræði, enska, íþróttir og sund, list- og verkgreinar, heimilisfræði, lífsleikni, félagsfærni og samskipti, ART og vinnustaðanám.

Kennsluaðferðir, námsefni og kennslugögn eru fjölbreytt og sniðin að þörfum hvers og eins þar sem farið er eftir einstaklingsmiðaðri námskrá. Leitast er við að gera nemendur jákvæða fyrir námi og stutt er við þeirra sterku hliðar. Jafnframt er reynt að gera þá tilbúna út á vinnumarkaðinn. Leitast skal við að kenna ART ár hvert í deildinni.

Leitast er við að beita aðferðum sem eru lífsgildismiðaðar fremur en reglumiðaðar. Allt nám er einstaklingsmiðað, og byggt upp með það að leiðarljósi að gera nemendur jákvæða fyrir námi. Jafnframt að nemendurnir öðlist grunnþekkingu í stærðfræði, íslensku og ensku og geti nýtt sér þá þekkingu í daglegu lífi.

Lífsleikni tímar eru m.a. notaðir sem vettvangur fyrir nemendur og kennara að ræða þau lífsgildi sem eru mikilvæg fyrir samskipti í hópi og liggja að baki fáum og skýrum reglum. Þannig læra nemendur að þekkja þarfir sínar og hvernig þau geta sinnt þeim af ábyrgð. Þeir læra að það er eðlilegt og mannlegt að gera mistök og hvernig þau geta lært af þeim. Þegar einhverjum verður á að gera mistök og brjóta reglur er viðkomandi hjálpað að bæta fyrir brot sitt, læra af mistökunum og vaxa af því. Það ber þó að hafa í huga að nauðsynlegt er fyrir deildina að halda í heiðri traustum og sanngjörnum reglum sem foreldrar jafnt sem kennarar eru sammála um. Samfélag deildarinnar þarf á ákveðinni reglufestu að halda, það þarf að setja skýr mörk, viðurlög og reglur sem standa vörð um lífsgildin. Viðurlögin veita þannig öryggi og taka við ef nemandi neitar samvinnu. Markmið um starfsemi deildarinnar er að hjálpa nemendum við að vaxa og þroskast af mistökum sínum, að fara frá ytri stjórn til innri stjórnar, frá talhlýðni til sjálfsgætu, frá vonleysi og uppgjöf til sjálfstrausts og bjartsýni.

ART

Ávallt er lögð rík áhersla í kennslu á rétta hegðun. Jafnframt er stuðst við ART. En ART er fast mótað uppeldisfræðilegt þjálfunarmódel. Aðalmarkmið ART er að þjálfar nemendur í sjálfstjórn.

Heildstæður stuðningur við jákvæða hegðun í grunnskóla - PBS

Njarðvíkurskóli starfar eftir hugmyndafræði um heildstæðan stuðning við jákvæða hegðun í grunnskóla (PBS). Nemendur í Björk taka þátt í þessu starfi með skólanum og fylgjast fagmenn og stuðningsfulltrúar með því að þeir fari eftir gildum PBS - virðingu, ábyrgð og vinsemi.

Líkamlegt inngríp

Við sérstakar aðstæður sem eru hættulegar nemanda eða samnemendum er stundum þörf á líkamlegu inngrípi. Það inngríp skal eingöngu notað í neyð og aðeins miðast að því að tryggja öryggi, róa nemenda og ná tök á aðstæðum hverju sinni.

Umgjörð og starf sértæks námsúrræðis

Starf sértæks námsúrræðis tekur mið af lögum um grunnskóla, eftir reglugerð um sértæk námsúrræði og öðrum þeim lögum og reglugerðum sem við eiga. Einnig tekur starfið mið af siðareglum þeirra stétta sem þar starfa.

Mat á skólastarfi

Stöðugt endurmat er á á hverju starfsári. Haldin eru sértæk próf á sama tíma og próf í Njarðvíkurskóla.

Skólatími

Björk fylgir almennu skóladagtali Njarðvíkurskóla. Skóla dagur er að öllu jöfnu frá 8:00-14:00, nema föstudag þá er hann frá 8:00 – 12:00.

Skólaakstur

Ferðabjónusta er fyrir þá íbúa í Reykjanesbæ 18 ára og eldri og nemendur í grunn- og framhaldsskóla á skólatíma, sem heyra undir lög um málefni fatlaðs fólks nr.59/1992 með síðari breytingum. Skilyrði fyrir ferðabjónustu er að einstaklingur geti ekki nýtt sér almenningssamgöngur sökum fötlunar, ráði hvorki yfir né geti notað bifreið og hafa ekki annan aðgang að faratæki. Forráðamenn sjá um að ganga frá pöntun á ferðabjónustu.

Samstarfsaðilar

Björk er hluti af Njarðvíkurskóla og því er samstarf um kennslu á ýmsum greinum eins og list og verkgreinum í samstarfi við Njarðvíkurskóla. Aðrir samstarfsaðilar eru sérfræðingar á menntasviði Reykjanesbæjar, Barna og unglingageðdeild Landspítalans, fjölskyldu og félagsþjónusta Reykjanesbæjar, Stuðlar og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

Starfsfólk

Starfsfólk í Björk er misjafnlega margt ár hvert. Deildarstjóri sem ber ábyrgð á námi í Björk. Jafnframt ber hann ábyrgð á þeim kennurum stuðningsfulltrúum sem til staðar eru. En fjöldi starfsfólks ræðst af fjölda nemenda hverju sinni. Deildarstjóri er ábyrgur og skipuleggur alla kennslu. Hann gerir einstaklingsnámskrá fyrir nemendur í öllum helstu námsgreinum og útfærir í samvinnu við kennara og stuðningsfulltrúa hvaða kennslugögn skulu notuð. Hann leggur mat á nám nemenda í samstarfi við

kennarana hann fundar vikulega með samstarfsfólki og stýrir vinnunni sem unnin er með nemendum. Hann fundar einnig með fagteymi deildarinnar og öðru fagfólki sem vinnur með nemendum deildarinnar. Yfirumsjón og aðalábyrgð er í höndum skólastjóra Njarðvíkurskóla.

Starfsmannalisti

Nafn	Starfsheiti
Kristófer Páll Viðarsson	Skólaliði
Steindór Gunnarsson	Deildarstjóri



REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS



Njarðvíksskóli